

Jón Sigurðsson

Margar hafa kreppurnar verið bæði í heiminum og mannum og hver með sínu lagi. Samt eru þær þó nokkurn veginn svipaðar og áhrifin frá þeim eftir því. Kreppum og drepsóttum fylgir hræðsla og rigulreið en í þeim er björt von um bata og betri hag. Í framtíðinni síðar verður vonin stundum að veruleika sem breytir heiminum og færir hann í glæstan veruleika.

Okkar veirutíð gæti einkennst af slíku, enda ekki óvitlaust spurt:

Verður endurreisn eða samfélagsleg nýsköpun að lokinni kreppu og koma peningarnir aftur með auknum gengiskrafti? Spurningin bendir til þess að ákveðið hefur verið af þeim sem spyr að veiran og kreppa hennar séu bara á sviði efnahags, ekki menningar eða á hinu andlega sviði, getunnar til þess að koma í framkvæmd hugsjónum sem velja í rústir og byggja á ný.

Er endurheimt æskileg með sama krónugildi og hugsunarhætti og áður? Er þessi kreppa sjúkdóms og efnahags einskonar gæðabanki sem býr yfir því undri að þegar hann opnar dyrnar á ný sést að lokunin hefur gert kraftaverk: sparifé allra hefur aukist að vöxtum?

Hvers vegna viljum við endurreisn eða erum svo afturhaldssöm í hugsun og hugmyndasnaud að liðin tíð sé best til endurheimta? Af hverju er ferð út í óvissuna á nýjum skóm og skilningi ekki betri en að feta gamla slóð eða bæta vegi í þjóðlífi okkar og heimsins með leiðsögn hugmyndafræði um þekkt verkleg eða andleg svið. Oftast fara saman í sæmilega heilsugóðu samfélagi verkleg og andleg svið ef vel á að vera en þau mega ekki vera án árekstra. Þetta stafar af því að ekki er vænlegt að hefja formið eitt til verks, hið verklega, eða bara andlegu hliðina. Eitt og sér getur hvort tveggja lent í blindgötu stöðnunar, endurtekningu hins þægilega og viðtekna. Þetta tvennt hefur í raun einkennt heiminn í áatugi án þess að stjórnendur og þeir sem láta að stjórn hafi þorað, viljað eða getað gera sér grein fyrir stöðnun og hnignun sem hefur verið kórónað með sjálfsánægju og linkind í nafni góðmennsku með lita þjóðfélagslega eðlisgreind.

Ég segi ykkur og það ekki í trúnaði:

Það þarf dirfsku og afbrotavilja til þess að fremja glæp gegn hinu viðurkennda, því sem nemandi er kennt og hann leiddur til prófs líkt og slátrunar eða í góða stöðu í blindgötunni þar sem hann jarmar með öðrum kindum í dilk hins sjálfsagða: rollan vill rétta hag sinn í beitilandinu.

Í öllum valdastöðum, líka í blindgötunni, er afturhaldssama minnið haft til leiðsagnar. Það vélræna í starfsemi heilans sem hefur í rauninni ekkert vit heldur man nákvæmlega hvaða útkoma skuli koma úr dæminu. Stálminnið er mesta afturhaldsafl mannsandans sem er hvarvetna hafið á stall. Það veit hvernig hlutirnir eru og eiga að vera um alla framtíð.

Gott og vel.

En innan hins valdamikla minnis leynist líkt og í flestu í fari okkar, kraftur andskotans. Andskotinn bregður stundum á leik og lætur vitrustu sauði villast í skóginum svo ringlaða að þeir muna ekki í trú sinni hvað beri að muna í dæminu og hvernig skuli fylgja lögmáli guðanna til þess að komast aftur á beit með hinum rollunum sem voru róttækar en ruddust aldrei út fyrir girðinguna.

Kraftur andskotans ber stundum fram þann boðskap að byltingar sé þörf ef leysa eigi það sem er komið í hnút hjá þjóðum. En svo gleymir hann því að þegar fram í sækir fléttast hengingaról úr hnútnum sem hann skar á eða leysti. Svo lausnin lendir í gálganum sem djöfullinn ætlaði að reisa öðrum og allt verður álíka eða verra en áður en kraftur fingra hans komst í hnútinn svo andi andskotans fer í gálgann en hann sleppur sjálfur við ólina. Andskotinn er þannig, lipur en ekki óbrigðull.

Þetta hefur gerst á þægilegan hátt í heimsferðunum mannkynsins eftir stríðin, hið heita og kalda. Núna erum við á vissan hátt stödd í stríðslokum tímans og það í heimi krýndum veiru kenndri við kórónu. Hún kórónar allt en ekki með markaðsfrelsi um veröld alla heldur faraldri sem hindrar frelsið og framgang auðmagnsins. Galsinn í fjármálum, lærdómi og vísindum hefur breyst í skrípaleik

þar sem háir og lágir bera grímu á jafnréttisgrundvelli eins og hann væri grímuball þar sem allir eru í felum.

Veiran með grímunni minnir á hlæjandi níðstöng sem andskotinn og guð hafa reist í sameiningu hinum sjálfumglaða heimi á leiðinni út úr paradís.

Hvert liggur leiðin þegar kórónan fellur af höfði og fólk tekur af sér grímuna með leyfi lögreglu og sóttvarnalækna?

Getur fólk þá verið sífellt að panta ferðir til Tenerife eftir að hafa þurft að sitja heima í sóttkví, vinna við tölvuna og sinna börnum sem komust ekki í skóla og ekki hægt að senda þau í sveit, eins og forðum til að verða að manni við að reka beljur á beit að bíta fífla og sóleyjar út í náttúruperlunum sem hafa verið friðlýstar fyrir öðrum en erlendum ferðamönnum og flugum en þeir eru horfnir en þær í útrýmingarhættu ef marka má skordýrafræðinga.

Hvert leiða núverandi aðstæður heiminn?

Þetta er spurning sem jafnvel sérfræðingar geta ekki svarað með öðru en óvissunni. Hún er helvíti mannsins sem er ekki lengur api í aldingarðinum Eden með engla að klifra í trjám og veifa rófunni heldur tvífætt vitsmunavera. Að vita ekki, síst með vissu, eru ill örlög, nánast helvíti, að þurfa kannski um alla framtíð að velkjast í sófasettinu frá velmegunarárnum. Það er sárt að geta ekki séð framtíðina nema í kvikmyndum um stjörnustríð eða við lestur bóka um geimferðir eftir höfunda sem bregst bogalistin. Vegna þess að framtíðin fer fram hjá spádómum og ritlistinni. Hún er uppátæki andskotans. Það er engin leið að negla neitt örugglega niður með lærdómi, halda skrattanum í skefjum með lögum og hagfræði og færa í dýrðarríki óskhyggjunnar. Honum og samtímans er líkt að hlaupa út undan sér inn í óútreiknanlega framtíð. Er hún hér þar sem lítill máttur virðist ríkja og hvergi lengur í galdrar eða mæður sem svæfðu börn sín með töfrandi bænum. Mömmur hafa kosið frelsið og farið út á vinnumarkaðinn. Á honum er ekki bara frelsi heldur hinn sanni máttur. Að minnsta kosti er sjaldan minnst á

annan mátt hjá þessari þjóð en þann sem er kallaður kaupmáttur launa. Lífið er miðað við þann mátt en ekki lengur guðs á himnum.

Hvar er þá magn andans? Fer kraftur hinnar lofsungnu náttúru og perlufegurð hennar á frjálsan markað í þriðja orkupakkanum? Ef marka má ræður forsetanna ætti að vera hér helsti mannauður hugar og handa í æskunni sem dúxar sífellt á prófum, lærir um allan heim allan andskotann en kemur svo heim til að kúra við þjónustustörf og lélegan kaupmátt launa.

Hvað gerist þegar veiran er gengin yfir. Tekur heiminn langan tíma að verða mikinn á ný? Var hann mikill nema í munnliðtoganna? Það er ekki bara Trump sem vill gera Bandaríkin mikil á ný. Flestar þjóðir dreymir það sama með þjóðernishyggju tengdri föðurlandi og móðurmold. Í henni sættast kynin og sækja fram.

Áfram stelpur og strákar í kjalsogi kvenna!

Kreppum fylgir kröftug veira. Úr henni deyr ekki bara fólk heldur líður tími undir lok sem er ekki veirunni að kenna. Hún er andlaus en læðist oft fram þegar viss þáttur mannkynssögunar leggur upp laupana. Og veiran á það til að endurtaka sig eftir hlé þar sem hún sækir í sig veðrið. Henni nægir ekki að herja um stund heldur leggst í dvala og hleypur fram. Það vekur ótta sem þrenningin á skjánum segir frá og syngur:

Góða ferð, góða ferð ...

Hvert? Þrenningin lætur þess ógetið í stólræðum sínum. Hún syngur bara ferðasöng eins og prestar á miðöldum sungu í kirkjum gegn svarta dauða en þeir hétu góðri himnavist meðan leiðtogar lista og menningar boðuðu nýja tíma á jörð sem var ekki lengur flöt eins og pönnukaka og laus við kirkjuspeki.

Þannig hófst á Ítalíu glæst endurreisn sem var ekki endurreisn heldur nýsköpun.

Evrópsk menning eins og við þekkjum hana og hugmyndir um þjóðskipulag og fjármál kom fram í kreppu og pest í Flórens árið 1347 og endurtók sig 1453 og fór um álfuna eftir að hafa sótt í sig

veðrið. Af henni spratt alhliða menningar- og þjóðfélagsbylting og blómlegar listir og þá urðu til bankar sem áttu að slá á fjárkúgun og græðgi okurkarla. Bókmenntir og ljóðlistin risu í hæðir og í kirkjum vaknaði tónlist og söngur betri en úr barka þrenningarinnar sem kennd er við sóttvarnir hjá okkur.

Góða ferð, góða ferð ... hefði ekki verið talin áhrifamikil list.

En tónlistarsmekkur er tímabundinn, jafn forgengilegur og brandarar og fyndni. Sá smekkur sem ríkir núna er smekkur samtímans og langt frá því að vera varanlegur. Svo farið hefur fé betra en sóttvarnarsöngurinn í messunni á skjánum klukkan tvö eftir hádegi í sjónvarpinu.

Er það þökk heilbrigðisráðuneytisins að sóttvarnaliðið fóru ekki að hvetja fólk til að hlaupa gegn veirunni. Það er forn evrópsk hjátrú að hægt sé að bæta sjúkdóma og samviskubit með afli í fótunum. Í vímu tána legg maður land undir fót og treysti á lappirnar fremur en handaflíð að lyfta grjóti til þess að lækna meinin. Í kaþólskum sið gekk fólk suður til Rómar og læknaðist. Núna í trúleysinu hefur leiðin styst. Það þýddi ekki að bjóða Jóni og Gunnu að hlaupa til Rómaborgar svo amma losni við blöðrubólgu. Maráþon er látið nægja en heilladrýgst að hlaupa yfir Vatnajökul.

Þetta er eitthvað í heilanum sem leitar til lappanna og tengist skófatnaði. Allir eiga að geta sýnt fagurt innræti fram í tær! Vandinn er að velja skóna og eiga marga. Hvað ætli hafi farið margir sauðskinnskór eða skór úr steinbítsroði í göngu héðan til Rómar og fá kunnáttu til lækninga? Hér voru margar heiðar mældar í skóm úr steinbítsroði. Muni ég rétt var sagt á Núpi í Dýrafirði að Látraheiði væri sjöskóa roðskóaleið.

Ég hef heyrt að við höfum alltaf tengst því sem nú er kallað blæti og best að nefna dæmi í frásögn tengdri skóm:

Fyrir mörgum árum fór ég til Kaupmannahafnar með sýningu félags sem kallaði sig SÚM og setti hana upp í Den Frie ásamt Íslendingi sem átti heima í borginni. Dag einn ákvað ég að víkja frá uppsetningunni og skoða Jónshús, tengdu Jóni Sigurðssyni.

Íslendingurinn réði mér frá því vegna þess að einn af þeim sem átti verk á sýningunni, myndhöggvari sem gerði Sólfarið í Reykjavík, hafði fyrir skömmu verið vísað úr húsinu á þorablóti.

Nú kemur sagan:

Jón Helgason prófessor í Árnasafni hélt heiðursræðu á blótinu og fjallaði um Þrjár kviður fornar. Hann var svo langdreginn og sjálfumglaður í fræðunum að mati nafna síns, Jóni Gunnari Árnasyni, að hann greip kepp úr troginu og kastaði honum og sviðasultu að prófessorinn sem varð kjaftstopp eins og skáldkonur segja og honum lá við yfirlíði. Þá ruku norrænufræðingar frá trogum sínum fullum af blóðmör og sviðalöppum, tóku myndhöggvarann hjartökum og köstuðu á dyr með þeim ummælum að hvorki hann né neinn tengdur list hans fengi að stíga fæti í Jónshús.

Þrátt fyrir bannið og Jón ætti verk á sýningunni áráddi ég að fara í Jónshús til að skoða en kom að tómunum kofanum. Þarna var ekkert líf og engan að sjá. Allt var hljótt en haugur af skóm og stígvélum fyrir framan dyr á göngunum. Sumt af þessu var moldugt, annað burstað og gljáandi eins og fólkið hefði ýmist verið að setja niður kartöflur eða bregða sér í Konunglegu óperuna á spariskónum. Þegar ég kom aftur í Den Frie sagði ég Íslendingnum frá fyluferðinni og skónum. Hann trúði mér þá fyrir því að hvert sem farið væri í fjölbýlishús í Kaupmannahöfn og skófatnað í haug fyrir framan dyr á göngum væri öruggt að þar byggju Íslendingar. Þeir gætu ekki fylgt þeirri reglu að taka skóna inn með sér og láta gangveginn vera opinn svo aðrir þyrftu ekki að klofa yfir draslið þar sem alltaf væru leirug stígvél þótt götur borgarinnar væru steinlagðar og kartöflur seldar í búðum í vistvænum umbúðum.

Hvert ætla þeir að fara á svona mörgum og margvíslegum skóm? spurði ég.

Spurðu mig ekki, svaraði maðurinn. Eflaust vita þeir það ekki og velkjast í vafalíkt og skódrasl væri í höfðinu og eftir höfðinu dansa limirnir í tilverunni.

Við ræddum málið og komumst að þessari iðurstöðu:

Ef valin er leið út úr húsi er það ekki margbrotnara en gengur og gerist í samfélaginu.

Fjórar eru leiðirnar. Hægt er að velja þá til hægri eða til vinstri. Einnig að halda beint áfram eða hverfa aftur inn í húsið til að leggja sig í gamla sófann og horfa á glæpamynd í sjónvarpinu. Í höfði er allt svipað og í þjóðlífinu.

Hvert verður haldið þegar veiran hefur farið sína leið. Förum við að hætta Flórensþú sem voru færri en þeir núna í Reykjavík. En þarna bjó Mediciættin sem var meiri í öllu en Engeyjarættin og hinar til samans í stjórnsýslu okkar.

Ættin batt enda á miðaldirnar og á vegum hennar hófst endurreisn eftir veiruna, ný heimssýn, fagrar listir, margþættar bókmenntir og fjörug stefna í fjár- og bankamálum. Í kjölfarið hófst sigurganga evrópskra þjóða að því marki sem á nítjándu öld hlaut nafnið nútíminn. Í aldanna rás hefur hann færst frá upprisu að gálganum sem er krýndu kórónuveiru. Hún er niðstöng reist nútímanum. Helst er lokastig hans vegna lyga, styrjalda, ósættis og þess sem í eina tíð var kallað músarholusjónarmið og einkenndist ekki síst af sjálfsánægju og upphafningu hins lítilfjörlega.

Góða ferð, kæru hlustendur ...